

# VEIÐIMÁLASTOFNUNIN

Þórir Dan Jónsson

Rannsóknir á Bakká og Gríshólsá 1980.

VEIÐIMÁLASTOFNUN  
*Bókasafn*

VEIÐIMÁLASTOFNUN

EINTAK BÓKASAFNS

VMST-R / 85001

VMST-~~R~~/85001.

Þórir Dan Jónsson

26. apríl 1985.

### Rannsóknir á Bakká og Gríshólsá 1980.

Þann 7. júlí 1980, var gerð lausleg könnun á Gríshólsá og Bakká.

Í Gríshólsá var rafveitt á tveimur stöðum, þ.e. við brú á Þjóðvegi og undan Gríshóli. Í Bakká var veitt við neðri brú og sömuleiðis við efri brú.

Áður en vikið verður að niðurstöðum rafveiðanna skal hér getið nokkurra helstu atriða um lifnaðarhætti laxins.

#### Um lifnaðarhætti laxins.

Laxinn er fyrstu ár ævi sinnar í fersku vatni. Á tveimur til sex árum nær hann 11-16 cm lengd og heldur til sjávar að vori, þá sem gönguseiði. Í sjónum er laxinn 1 til 3 ár. Þar er gnægð fæðu, hann vex ört og gengur síðan aftur upp í ána sem hann ólst í til að hrygna, þá 2-10 kg. að þyngd. Eftir hrygninguna deyr u.þ.b. 90 % af laxinum, annað hvort í ánni sjálfri eða þegar til sjávar er komið.

Hrognin klekjast út á vorin, og fyrst í stað halda seiðin sig niðri í mölinni, en síðar leita þau vars bak við steina, þar sem þau geta hafst við á milli þess sem þau fara upp í strauminn til að afla sér fæðu. Eftir því sem seiðin stækka þurfa þau grýttari botn, sem bæði veitir þeim betra skjól, auk þess sem fæðan er meiri þar. Kjörskilyrði laxaseiða hvað varðar botngerð og straum er smágrýttur til grýttur botn (steinastærð 5-30 cm í þvermál) á fremur grunnu straumvatni (straumur 0.5-1.25 m/sek.) "Seiðaframleiðsla" takmarkast oft að verulegu leiti af skorti á grýttum svæðum, en sjaldnast af stærð hrygningarstofnsins.

Í mörgum köldum ám, eins og Gríshólsá og Bakká verða að teljast til, klekjast seiðin úr hrogni það seint að vori að tíminn til að safna forðanæringu fyrir fyrsta veturinn verður oft ónógur og fjöldi seiði dreppst yfir fyrsta veturinn í lífi seiðanna. Vorið 1979 áraði afar illa og áhrif þess hafa komið vel í ljós í mörgum ánum.

Í sumar kaldari árnar vantar 1979 árganginn alveg en í öðrum er hann "veikur". Sérstaklega áberandi er þetta í efri

hluta ána, en þar er vatnskuldin yfirleitt meiri en neðar í ánum.

### Niðurstöður rafveiða.

Á súluritinu hér að aftan er lengdar- og aldurdreifing veiddra seiða sýnd. Ekkert seiði veiddist á efri hluta Bakkár, þ.e. við brú, og aðeins þrjú laxaseiði og tvö urriðaseiði veiddust í Gríshólsá, undan Gríshóli. Neðri hlutar beggja ána eru vel setnir seiðum en athygli vekur hve lítið af eins árs seiðum veiddust, þ.e. seiði klakin árið 1979. Flest seiðin ná sjógöngustærð fjögurra vetra gömul, en nokkur ná sjógöngustærð þriggja- eða fimm vetra gömul.

### Ályktun.

Ljóst er af niðurstöðum rafveiðanna að sumarið 1979 hefur leikið illa þann árgang sem klaktist það árið, eins og víðar í þeim ám sem teljast vera á mörkum hins byggilega fyrir lax, hvað hitastig varðar.

Líklegasta skýringin á því hve lítið af seiðum er á efri hlutum beggja ána er sú kve kaldar þær eru, og nátturulegt klak heppnast því sjaldnast. Má reyna sleppingar sumarseiða, en þeim hefur einmitt verið hjálpað yrir erfiðasta hjallan með eldinu.

Þar sem Gríshólsá rennur mikið á mól á efri hlutanum (nema inni í dal en þar er áin orðin fullköld), eru uppeldisskilyrði fyrir seiði léleg og tel ég því rétt að sleppa ekki sumarseiðum í hana að svo komnu máli.

Frá áramotum lækjarins í Bakká og upp fyrir efri brú á Bakká rennur áin á grýttum botni, sem ætti að veita góð skilyrði fyrir laxaseiði. Á þetta svæði tel ég æskilegt að sleppa u.þ.b. 1200 sumarseiðum. Seiðunum ber að sleppa í júnímánuði, eða þegar áin fer að hlýna (7°C). Þegar seiðunum er sleppt ber að dreifa þeim vel um ána og sleppa u.þ.b. 1-2 seiðum fyrir hvert skref sem stigið er. (Best að láta seiðin í fötu og "moka" síðan upp úr fötunni með hendinni). Sumarseiðin

ná líklegast sjógöngustærð tveggja vetra gömul.

Til að kanna árangur sleppinganna verður að rafveiða á sleppisvæðinu að ári liðnu.

Athygli mín á slæmum ósi ána hefur verið vakin. Vitað er að fugl sem setur við árósa étur mikið af fullorðnum laxi, og líklegast enn miklu meira af seiðum.

Ég tel það vera eina bestu fiskræktarleiðina við ána að ráða skotmann í maí mánuði a.m.k. en þá eru gönguseiðin líklegast að halda til sjávar. (hugsanlega í júní mánuði einnig).



Best er þó að ráða skotmann yfir allt sumarið.

Þórir Dan Jónsson.

# LENGDAR- OG

ALDURSDEIÐING VEIÐORA LAXASEIÐI  
 Í GRÍSHÓLSÁ OG BAKKÁ 7/7 1980.

## GRÍSHÓLSÁ



## BAKKÁ

